

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1236
komudagur 12.3.2009

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2009
AS/SLB/009/09

Efni: Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259. mál.

Vísað er til tölvupósts, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er eftir hugmyndum að breytingum á 6. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Málið snýr aðallega að því að Tryggingastofnun fái að greiða þessar greiðslur 1. hvers mánaðar eftir á fyrir undanfarandi mánuð en ekki 15. hvers mánaðar, þar sem kerfi stofnunarinnar leyfir einungis sjálfvirkar greiðslur 1. hvers mánaðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að gögn berist 5. hvers mánaðar vegna mánaðarins á undan og síðan sé greitt 15. hvers mánaðar fyrir undanfarandi mánuð eða hluta af honum, ef um það er að ræða. Þannig er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðilinn fái 10 daga til að fara yfir umsókn og gögn og greiða út.

Fyrsta greiðsla Tryggingastofnun hvenær er oft handgerð um leið og umsóknin er afgreidd og síðan sett inn í réttinda- og greiðslukerfi stofnunarinnar. Því er lagt til að áfram sé gert ráð fyrir því að gögnum sé skilað inn 5. hvers mánaðar og síðan sé Tryggingastofnun gefinn 10 daga frestur til að fara yfir umsókn og greiða út fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr honum, ef um það er að ræða, en síðan verði greitt 1. hvers mánaðar eftir það, eftir á fyrir mánuðinn á undan.

Tillaga að nýju orðalagi 6. mgr. 10. gr. er því:

„Tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skulu inntar af hendi eftir á, í fyrsta sinn fimmtánda dag mánaðarins, enda hafi líffæragjafi skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðilla fyrir fimmta virka dag þess mánaðar. Síðan er greitt eftir á fyrsta hvers mánaðar fyrir undanfarandi mánuð.“

Virðingarfyllt,



Sigríður Lillý Baldursdóttir
forsjóri